

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 61/2003.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „Höfnum“ í 2. efnismálsli. komi: sem reknar eru.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Síðari málsliður 11. gr. laganna orðast svo: Notendur hafnar geta krafist hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.
3. Við 3. gr. er verði 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „hafnar og reksturs hennar“ í inngangsmálslið efnismálsgreinar a-liðar komi: hafna og reksturs þeirra.
 - b. Við 1. tölul. a-liðar bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skipstjóra, útgerðarmanni og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld skv. a-, c- og d-lið en móttakandi vöru sem kemur til hafnar og sendandi vöru sem flutt er úr höfn greiða gjöld skv. b-lið. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal farmflytjandi sjá um innheimtu á gjöldum skv. b-lið hjá sendanda og móttakanda, eftir því sem við á, og standa höfn skil á þeim.
 - c. Í stað orðsins „bíla“ í 2. tölul. a-liðar komi: bifreiðar.
 - d. Í stað orðanna „vegna umsýslu og yfirstjórnar, t.d. launum og skrifstofukostnaði“ í 11. tölul. a-liðar komi: við umsýslu og yfirstjórn, t.d. laun og skrifstofuhald.
4. Við 4. gr. er verði 5. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hennar, auk þess sem heimilt er að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé. Notendur hafnar geta krafist hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.
5. Við 5. gr. er verði 6. gr. Greinin orðist svo:

21. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er þó heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hættu af komu þess til hafnar. Höfn, sem telst neyðarhöfn í samræmi við áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, sem Siglingastofnun Íslands gerir að höfðu samráði við viðkomandi höfn, Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun, er skylt að taka á móti skipum í sjávarháská eftir því sem nánar er kveðið á um í áætluninni. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um áætlunina og neyðarhafnir í reglugerð.

Hafnargjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vanefnda á hafnargjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda.

Höfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda og fyrir kostnaði við að fjarlægja og/eða farga skipi séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar.

Eigandi eða umráðamaður skips, báts, flutningstækja á landi eða annars búnaðar á hafnarsvæði ber ábyrgð á að viðkomandi eign sé ávallt í lagi og valdi ekki óþrifnaði og/eða hættu á hafnarsvæðinu. Verði um slíkt að ræða, að mati hafnar, getur hún fyrirskipað að úrbætur skuli gerðar innan ákveðins frests. Sinni eigandi eða umráðamaður ekki slíkum fyrirmælum er höfn heimilt að láta fjarlægja hlutinn á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns og færa hann í vörslur viðkomandi eða selja hlut á nauðungaruppboði án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda eða umráðamanns.

Höfn skal birta auglýsingu um uppboð skv. 4. mgr. með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal höfn tilkynna eiganda eða umráðamanni bréflaga um fyrirhugað uppboð og hvar og hvenær það fer fram. Það stendur ekki í vegi fyrir nauðungarsölu þótt tilkynningu verði ekki við komið vegna þess að eigandi eða umráðamaður er ekki þekktur eða finnst ekki. Hafnargjöld sem njóta lögveðsréttar greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir kostnaði við nauðungarsölu. Um úthlutun söluandvirðis og framkvæmd uppboðs fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um nauðungarsölu eftir því sem við á.

Vitji eigandi eða umráðamaður ekki þess sem afgangs er við nauðungarsölu skv. 4. mgr. eða ráðstöfun skv. 5. mgr. innan árs frá sölu eða ráðstöfunardegi rennur andvirðið í ríkissjóð.

6. Við frumvarpið bætist ný grein er verði 7. gr., svohljóðandi:
Á eftir orðunum „b-lið 2. mgr. 24. gr.“ í 3. tölul. 3. mgr. 26. gr. laganna kemur: eða tjón á upptökumannvirkjum.
7. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Fyrrí málsliður 3. mgr. 18. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2012.